



DRÖG

Umhverfisviðmið

Kröfur fyrir silfur- og gullvottun

5. útgáfa 2022

BRONS	Til að fá brons í umhverfisluta Vakans þarf að uppfylla kafla nr. 4 í almennum gæðaviðmiðum.
SILFUR	Til að fá silfur í umhverfisluta Vakans þarf að uppfylla almenn gæðaviðmið og <u>allar</u> silfurkröfur í umhverfisviðmiðum (300-1).
GULL	Til að fá gull í umhverfisluta Vakans þarf að uppfylla almenn gæðaviðmið, <u>allar</u> silfurkröfur (300-1) og <u>allar</u> gullkröfur í umhverfisviðmiðum (300-2). Vottun skv. Svaninum eða Umhverfismerki ESB, telst jafngilda gulli, að því tilskyldu að fyrirtækið uppfylli ákvæði 300-1.1 og 300-2.1 í Vakanum.

Eftirfarandi umhverfisviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar skýringar og upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið er uppfyllt, t.d. með tilvísun í gæðahandbók, myndir og önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

300-1	Silfur	Hvernig uppfyllt/skýringar
300-1.1*	<p>Fyrirtækið sýnir ábyrgð í verki á starfssvæðum sínum og helstu viðkomustöðum t.d. með því að styðja við uppbyggingu, náttúruvernd og/eða samfélagsverkefni á svæðunum.</p> <p>Fyrir liggja skriflegar staðfestingar um þetta.</p>	
300-1.2*	<p>A.m.k. 18 atriði í gátlistanum <i>Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu</i> eru uppfyllt þar af a.m.k. þrjú atriði í eftirtöldum köflum:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Innkaup og auðlindir. b. Orka. c. Úrgangur. 	
300-1.3*	<p>Fyrirtækið færir grænt bókhald sem byggir á reglulegum mælingum í a.m.k. 12 mánuði. Bókhaldið nær til a.m.k. <u>þriggja</u> eftirtalinna sviða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Eldsneyti. b. Rafmagn. c. Heitt vatn. d. Úrgangur. 	

300-1.4	Fyrirtækið hefur sett sér tímasett markmið um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Að mæla kolefnisspor sitt. b. Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. c. Að kolefnisjafna starfsemi sína með mótvægisaðgerðum. Sjá t.d. loftlagsmæli Festu á www.climatepulse.is. 	
300-2	GULL	Hvernig uppfyllt/skýringar
300-2.1*	Aðstaða til flokkunar úrgangs er til staðar á <u>herbergjum gististaða¹, í fundasölum og í samgöngutækjum²</u> . Greinargóðar leiðbeiningar og upplýsingar um flokkun fyrirtækisins eru sýnilegar gestum/viðskiptavinum á herbergjum gististaða, í fundarsölum og í samgöngutækjum. Gestum býðst að skila öðrum úrgangi til starfsfólks til frekari flokkunar.	
300-2.2*	A.m.k. 24 atriði í gátlistanum <i>Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu</i> eru uppfyllt, þar af a.m.k. fjögur atriði í eftirtöldum köflum: <ul style="list-style-type: none"> a. Innkaup og auðlindir. b. Orka. a. Úrgangur. 	
300-2.3*	Fyrirtækið færir grænt bókhald sem byggir á reglulegum mælingum í a.m.k. 24 mánuði. Ábyrgðaraðili er skilgreindur . Bókhaldið sýnir að framfarir hafi orðið eða góður árangur viðhaldist á a.m.k. þremur af eftirtöldum sviðum: <ul style="list-style-type: none"> a. Eldsneyti. b. Rafmagn. 	

¹ Heimilt er að vera með aðstöðu til flokkunar á hverri hæð gististaða. Ef margar gistiálmur (gangar) eru á hverri hæð þarf að vera aðstaða til flokkunar í hverri gistiálmur (gangi). Greinagóðar upplýsingar og leiðbeiningar eru á hverju herbergi.

² Heimilt er að starfsfólk í samgöngutækjum annist flokkunina.

	<ul style="list-style-type: none"> c. Heitt vatn. d. Úrgangur. 	
300-2.4	<p>Fyrirtækið er með innkaupastefnu þar sem lögð er áhersla á umhverfisvæn innkaup m.a. eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Vörur og hráefni framleitt á Íslandi. b. Umhverfismerktar og lífrænt vottaðar vörur. c. Vörur með merki <i>Fairtrade</i>, t.d. kaffi, te, kakó og sykur. d. Umhverfisvænar hreinlætisvörur. 	
300-2.5*	<p>Fyrirtækið mælir kolefnisspor sitt og hefur sett sér raunhæf og viðeigandi markmið um minnkun þess.</p> <p>Sjá t.d. loftslagsmæli Festu http://climatepulse.is/</p>	